



32. Miðstjórnarfundur RSÍ
haldinn föstudaginn 6. september 2002 úrdráttur.

1. Fundargerð samþykkt.

2. Staða skólamála. Dómsmál - yfirlit. Uppgjör og skuldir.

Kynnt staða dómsmála. Nýir aðilar hafa tekið yfir rekstur VT skólans Rafiðnaðarskólinn er í fullum gangi en ljóst að þar þarf að draga saman seglin vegna minnkandi eftirspurnar. Ráðinn hefur verið maður til þess að bæta veikstraumshluta námskeiða. Samkomulag um að losa okkur frá ábyrgð á rekstri Kvikmyndaskólans. Upp hafa komið hugmyndir um að stofnað verði rekstrarfélag um Faxafenið. Yfir standa samningar við HP í Danmörku.

3. Tölvukerfi RSÍ - trúnaður og starfsmenn.

Komið hefur í ljós að gögn á tölvukerfi í Stórhöfða hafa verið afrituð og dreift.

4. Starfsemin fram að áramótum.

RB kynnti fjárhagstöðu RSÍ, unnið er 8 mánaða uppgjör fyrir sjóði sambandsins. Uppgjöri eftirmenntunarsjóðanna er að ljúka. Seld hafa verið hlutabréf í eigu Vinnudeilusjóðs við hækkaði bókfærð eign sjóðsins um 50 milljónir. Trúnaðarmannaráðstefnan verður 25. október næstkomandi. Ákveðið var að auglýsa trúnaðarmannanámskeið eins og haldin voru á síðasta starfsári. Ákveðið að fara í fundaherferð um landið eftir trúnaðarráðstefnu.

5. Deilur við Landsvirkjun, Orkuveitu og Ríkisstjórn

Landsvirkjun hefur einhliða breytt bakvöktum. Í gangi eru samningaviðræður við Orkuveituna. Kynnt ályktun ASÍ um samræmingu á réttindum starfsfólks hjá ríkinu.

6. Orlofskerfið.

Ræddar ýmsar framkvæmdir sem þarf að fara í Orlofskerfinu. Kynntar voru tillögur um tryggingargjald vegna lakari umgengni.

7. Samkeppnisstofnun.

Samkeppnisstofnunar hefur vísað frá kæru gagnvart RSÍ og Rafiðnaðarskólanum.

8. Fjarskiptahandbókin.

Samþykkt að styrkja bókina.

9. Kynnt boðsbréf á þing danska og norsku sambandanna.

Ákveðið að þiggja boðin

10. Önnur mál.

Páll Valdimarsson greindi frá ferð sinni til Kiljava.

Haukur Ágústsson.